

Atlastaðir, sumarhúsafélag
Sundstræti 34
400 Ísafjörður

Vestmannaeyjar 10. janúar 2019
UST201811-268/P.V.B.
09.07.01

Umsókn um framkvæmdaleyfi - Lendingaraðstaða í Fljótavík

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Atlastaða, sumarhúsafélags, dagsett 26. nóvember 2018, um leyfi til byggingar landingaraðstöðu í Fljótavík innan friðlandsins á Hornströndum.

Hornstrandir eru friðlýstar sem friðland sbr. auglýsing nr. 332/1985. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðmum (115 m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Stefnt er að því að fjarlægja steina sem fyrir eru, steypa plötu út í stórstraumsfjöruborð og stoðvegg ofan á hana til að verjast öldunni. Um er að ræða vegg sem verður 15 metra langur, hæstur verður hann 2,2 metrar næst stórum steinum sem eru í sjónum en lægstur gæti hann orðið um 80 cm í fjörunni. Við frágang verður grjóti raðað við vegginn og steinar lagðir í plötuna til að hún falli sem best að landslaginu. Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka öryggi þeirra sem þarna fara í land en fjaran er grýtt og oft erfitt að koma fólki í land með öruggum hætti. Er framkvæmdin fyrirhuguð á sama stað og núverandi landing er staðsett skv fylgigögnum með umsókn. Samhliða framkvæmdinni er gert ráð fyrir að lagfæra slóða sem liggur að slysavarnarskýli sem er þarna rétt hjá. Stefnt er að því að framkvæmdin fari fram í lok maí eða byrjun júní 2019 en framkvæmdartími ræðst af veðri og sjávarstöðu.

Umsagnir:

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Hornstrandarnefndar. Nefndin gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina, enda ljóst að landing báta í Fljótavík er sérstaklega erfið og varasöm. Til að minnka sýnileika framkvæmdarinnar lagði nefndin til að reynt yrði að steypa grjót í jaðar varnargarðsins, þeim hliðum sem snúa að landi.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur framkvæmdina líklega til að hafa neikvæð sjónræn áhrif á fjöruna sem er ósnortin fyrir. Á móti kemur að framkvæmdinni er ætlað að bæta öryggi við landgöngu sem getur verið erfið og hættuleg, jafnvel í þokkalegu veðri. Umhverfisstofnun metur sem svo að öryggisjónarmið vegi hærra en sjónrænu áhrifin við þessar aðstæður en framkvæmdin er bundin við lítinn hluta fjörunnar í vikinni.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir byggingu lendingaraðstöðu í Fljótavík innan Hornstrandafriðlandsins verði veggur lækkaður og grjót steyp't í jaðar varnargarðsins sé þess kostur án frekara rasks á svæðinu að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Vinsamlega hafðu þetta bréf meðferðis á meðan verkefninu stendur.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnuna eins fljótt og auðið er.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlæg't.
- Kynna skal fyrir starfsfólki sem kemur að verkefninu þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Allur akstur utan vega er óheimill.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Öllu raski við verkefnið verði haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur og þess gætt að veggurinn falli sem best að landslaginu.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Hildur Vésteinsdóttir

Hildur Vésteinsdóttir
Sviðsstjóri

Kristín Ósk Jónasdóttir

Kristín Ósk Jónasdóttir
Sérfræðingur